

Kiwanisklúbburinn Þyrill, pósthólf 49. 300 Akranes, Iceland.

Svæðisráðsfundur Eddusvæðis, 13. Nóv. 2010, í Reykjavík:

Nýtt starfsár hófst formlega hjá okkur Þyrilsfélögum með stjórnarskiptafundi, mánudaginn 4. Október s.l. Svæðisstjóri Eddusvæðis, Jón Jakob Jóhannesson stýrði stjórnarskiptum og fórst það vel úr hendi, og fór viðurkenningarorðum um starf klúbbsins á liðnu starfsári. Að því loknu tók undirritaður við stjórn Þyrils fyrir þetta starfsár.

Breyting varð á upphaflegri skipan stjórnar frá því á aðalfundi í vor, hvað varðar starf féhirðis og kjörforseta, og tóku aðrir við þeim embættum.

Ákveðnir eru 18 fundir samkv. dagskrá vetrarins, þar af sjö með ræðumanni, og jólafundur með mökum, bæði núlifandi og látinna félaga. Árleg flugeldasala klúbbsins fer fram frá 27. Des. n.k. til 6. Jan. 2011, í félagi við Knattspyrnufélag Akraness, ÍA, yngri flokka, og er ágóðanum deilt milli Þyrils og ÍA, báðum til hagsbóta. Þetta er aðal fjáröflun Þyrilsmanna. Flugeldanefndin er að störfum allt árið, undir forystu mjög reynsluríkra og hagsýnna dugnaðarmanna. Innkaup frá Kína eru gerð ár fram í tímann.

Stjórnarfundir með þáttöku nefnda, skulu haldnir fyrsta þriðjudag hvers mánaðar, og oftár ef þörf er á.

Ákveðið hefur verið að afhenda áður veittan styrk, kr 247.000, til starfs yngri flokka ÍA á jólafundum. Frekari styrkveitingar eru ekki ákveðnar enn.

Markmið ársins er, að fjölga félögum í klúbbum. Lækka meðalaldurinn. Nú þegar hefur náðst árangur. Nýr félagi verður að óbreyttu tekinn inn á jólafundum, og fleiri hafa sýnt jákvæð viðbrögð, svo vonandi er frekari tíðinda að vænta eftir áramót.

Ætlunin er, að heimsækja a.m.k. tvo klúbba í vetur: Annan sunnan Hvalfjarðar, en hinn norðan heiða þegar dag tekur aftur að lengja. Komin eru upp áform um ákvörðunarstaði. Þá er verið að íhuga heimsókn í fyrirtæki, leikúsfélag með mökum. Það verður að vera gaman af þessu öllu, ekki bara eintóm skyldustörf.

Ákveðið er samkvæmt dagskrá, að svæðisráðstefna Eddusvæðis verði haldin á Akranesi 26. Mars 2011. Og fögnum við því Þyrilsfélagar.

Ástæða er til, að búast við farsælu starfsári Þyrils, því klúbburinn er þokkalega virkur, og vel stæður fjárhagslega. Þetta ár fer vel af stað, og því ástæða til bjartsýni.

Akranesi 12 Nóv. 2010. Fyrir hönd Kiwanisklúbbsins Þyrils,

Stefán Lárus Pálsson, forseti.